

# Fréttabréf

Félags íslenskra atvinnuflugmanna  
febrúar 2021



## BARÁTTAN GEZN FÉLAGSLEGUM UNDIRBOÐUM



Aðalfundur FÍA  
Framboðskynning  
Wizz Air í Noregi

Fight against social dumping  
Annual General Meeting  
Candidates for the FÍA board  
Wizz Air in Norway



# AÐFÖR BLÁFUGLS & SA að launafólki

Jón Þór Þorvaldsson  
formaður FÍA skrifar:

Bluebird Nordic (BBN), eða Bláfugl eins og við þekkjum flugfélagið í daglegu tali, var selt til Avia Solutions Group á fyrrri hluta síðasta árs. Samstæðan er þekkt í Evrópu fyrir að stunda félagsleg undirboð og að sniðganga kjarasamninga og stéttarfélög, samkvæmt upplýsingum frá Evrópsku flugmannasamtökunum (ECA). BBN hefur nú, í miðjum kjaraviðræðum, sagt upp öllum FÍA flugmönnum á kjarasamningi og lýst því yfir að framvegis verði allir flugmenn þeirra „sjálfstætt starfandi“, m.ö.o. gerviverktakar.

Við þetta er ýmislegt að athuga:

- Uppsögnin brýtur gegn lögum um stéttarfélög og vinnudeilur (Nr. 80/1938, 4. grein) en ólöglegt er að reka meðlimi stéttarfélags á meðan kjaraviðræður standa yfir.
- Uppsögnin brýtur brýtur gegn kjarasamningi FÍA sem er enn í gildi og kveður skýrt á um að ekki megi ráða verktaka í stað flugmanns á kjarasamningi.
- Uppsögnin brýtur gegn félagafrelsi flugmanna.

Forsvarsmenn BBN, með fulltingi Samtaka atvinnulífsins, víla ekki fyrir sér að brjóta lög til að öðlast samkeppninsforskot. Fyrirtækið keppir því á forsendum félagslegra undirboða og ólögmætrar starfsemi en ekki á forsendum þjónustu, áreiðanleika, skilvirkni eða gæða.

## Verkfallsbrot Bláfugls

Í ljósí aðstæðna var FÍA nauðugur einn kostur að boða til verkfalls. Það er í fyrsta skipti í 20 ára sögu flugfélagsins sem boðað er til aðgerða. Bláfugl brást við með því að taka flugmenn FÍA af vinnuskrá frá og með upphafi verkfalls og ráða gerviverktaka í störf þeirra. Þetta er klárt verkfallsbrot og brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flugmenn hafa staðið verfallsvakt til að fylgja eftir vinnustöðvuninni en BBN notar nú allar leiðir lögmætar og ólögmætar til að komast fram hjá aðgerðunum.

- Gerviverktökum flugfélagsins er m.a. skipað að taka áhafnahvild í húsakynnum þjónustuaðila flugfélagsins á Keflavíkurflugvelli en ekki á gistihúsi eins og lög og reglur gera ráð fyrir.
- BBN fór fram á lögbann á verkfallsvörslu FÍA flugmanna hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Lögfræðingar FÍA tóku þann slag og höfðu betur. Beiðni um lögbann var synjað. Viðbúið er að BBN höfði mál fyrir dómstólum í framhaldinu.

## SA skapar ógnvænlegt fordæmi

Starfshættir Bláfugls eru kennslubókardæmi um félagslegt undirboð: Fyrirtæki rekur alla meðlimi stéttarfélags í miðjum kjaraviðræðum og lýsir svo yfir fyrirætlun um að ráða gerviverktaka í öll störf.

Þetta er aðför að öllum stéttarfélögum og launþegum sem fá laun eftir kjarasamningum því framferðið skapar ógnvænlegt fordæmi. Ef íslensk stjórnvöld, eftirlitsaðilar og aðilar vinnumarkaðsins taka ekki harða afstöðu gegn framögöngu sem þessari er ljóst að allir launþegar á Íslandi gætu átt von á sömu meðferð.

Samtök atvinnulífsins (SA) fer með samningsumboð fyrir hönd BBN í kjaraviðræðunum og því er óhætt að segja að félagslega undirboðið fari fram með fulltingi, vitund og samþykki Samtaka atvinnulífsins - fyrir opnum tjöldum hjá embætti ríkissáttasemjara. Til að gera mólið enn grátlegra er SA fulltrúi Global Compact sáttmála SP um samfélagslega ábyrgðs sem lúta að mannréttindum, vinnumarkaði, umhverfi og baráttu gegn spillingu.

Þá má einnig setja spurningamerki við það að fulltrúi SA sem fer með samningsumboð fyrir hönd Bláfugls situr einnig í stjórn Vinnumálastofnunar. Þessi aðili ber samning um félagslegt undirboð á borð ríkissáttasemjara. Þetta er að mati FÍA dæmi um skýran hagsmunárákstur.

Það verður fróðlegt að fylgjast með framvindu mála og hvort skattrannsóknastjóri, Samgöngustofa og fleiri eftirlitsaðilar kanni starfsemi Bláfugls og lögmæti. Vinnumálastofnun oflar nú gagna um Bláfugl, en starfsmannaleiga Bláfugls er ekki skráð á Íslandi eins og lög kveða á um.



Fulltrúar FÍA hafa staðið verfallsvörður í Keflavík að undanförnu.

# IIIa farið með gerviverktaka í flugi

## Brotið gegn verktökum

Um verktaka gilda lög og reglur, sem meðal annars kveða á um að verktakar megi ekki þiggja lægri laun en launþegar í sambærilegri stöðu og með svipaða menntun og reynslu.

Kjör þeirra sem starfa sem gerviverktakar hjá BBN eru langt undir þeim kjörum sem samið hefur verið um í kjarasamningum flugmanna á Íslandi og þó víðar væri leitað. Ljóst er að þar er brotið á gerviverktökum Bláfugls, sem er mál sem þarf að skoða út af fyrir sig.

Gerviverktakarnir sem fljúga fyrir Bláfugl starfa í gegnum starfsmannaleiguna Confair Consultancy BV. Áhafnaleigan er ekki og hefur aldrei verið skráð hjá Vinnumálastofnun Íslands eins og lög gera ráð fyrir (einkum lög nr. 139/2005 og lög nr 45/2007).

Þrátt fyrir að starf flugmanna samræmist ekki verktökum er ljóst að mörgum okkar hefur verið nauðugur sá kostur að sækja sér slíka atvinnu. Við bjóðum flugmenn í verktökum velkomna til okkar hjá FÍA, við erum meira en tilbúin að berjast fyrir þeirra rétti.

## Sjálfstætt starfandi

### eða gerviverktaka?

Þess ber að geta að flugmenn geta ekki verið verktakar því starfið uppfyllir ekki lagaleg skilyrði um verktökum:

- Flugmenn sem starfa hjá flugrekendum ráða ekki vinnutíma sínum.
- Þeir koma ekki með eigin tæki og tól til starfans heldur starfa á flugvélum flugrekandans.
- Þeir lúta boðvaldi flugrekanda og fylgja flugrekstrarfyrirmælum hans.
- Þeir nýta aðstöðu og handbækur og eru þjálfaðir samkvæmt flugrekstrarhandbók flugrekendans.
- Þeir geta ekki ráðið aðra sér til aðstoðar eða í sinn stað til að inna af hendi umsamin verk.
- Þiggja reglulegar greiðslur frá vinnuveitanda.

Gerviverktakarnir eru fórnarlömb kerfis sem Evrópa hefur skorið upp herör gegn, sbr nýleg áskorun 8 samgönguráðherra til framkvæmdastjórnar ESB um að taka á slíkum málum af festu.

## Kjaraviðræður FÍA og BBN

Kjarasamningar FÍA og Bluebird Nordic er nú á borði ríkissáttasemjara.

Samningsboð Bláfugls gagnvart flugmönnum FÍA hljóðar upp á 53% launaskerðingu auk skerðinga eða brottfalls á áunnum og umsöndum félagslegum réttindum eins og orlofi, veikindarétti, lifeyrissjóði osfrv.



Nú ríður á að við flugmenn  
stöndum með félögum okkar,  
flugmönnum Bláfugls.

Fragtflug hefur vaxið mjög á síðasta ári í kjölfar COVID-19.

Því skýtur skökku við að sjá slík flugfélög nýta sér samúð gagnvart farþegaflugfélögum til að sauma að kjörum eigin flugmanna og annars starfsfólks, hvort sem þau eru verktakar eða launafólk.

# AÐAL-FUNDUR

## FÍA 2021

Aðalfundur Félags íslenskra atvinnuflugmanna verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, fimmtudaginn 18. febrúar 2021 kl 20:00.

### DAGSKRÁ

Stjórnarkjör.

Skýrsla stjórnar.

Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.

Lagabreytingar.

Kosning skoðunarmanna reikninga.

Kosning fulltrúa í Starfsráð.

Önnur mál.

Vegna sóttvarna biðjum við fólk vinsamlega um að skrá mætingu á fundinn í gegnum netfangið adalfundur@fia.is

Fundinum verður einnig streymt, hlekkur á fund verður sendur út síðar.

## SJÁLFKÖRIÐ Í STJÓRN FÍA

Við flugmenn höfum sýnt fádæma samstöðu á þessum erfiðu tímum þegar stór hluti okkar hefur misst vinnuna.

Svo virðist sem faraldurinn hafi haft áhrif á aðalfund FÍA en þar verður kosið í sæti varaformanns til tveggja ára og í sæti þriggja meðstjórnenda til tveggja ára. Þegar framboðsfresturinn rann út 28. janúar siðastliðinn var ljóst að sjálfkjörið er í öll embættin og því fer ekki fram rafræn kosning í ár.

Þetta verður að teljast traustsyfirlýsing á verkum núverandi stjórnar, sem nú getur halddi snurðulaust áfram að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem fyrir liggja á þessum erfiðu tímum.

#### Framboð til stjórnar

Hólmar Logi Sigmundsson LHG

Haraldur Helgi Óskarsson AAI

G. Birnir Ásgeirsson AAI

#### Framboð til varaformanns

Guðmundur Már Þorvarðarson ICE

# AGM

## FÍA 2021

Icelandic Airline Pilots Association Annual General Meeting (AGM) will be held at the Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Thursday, 18. February 2021 at 20:00 .

### AGENDA

Election of Board members.

The association's board reports on the association's operations.

The association's pronounced accounts are submitted.

Bylaw changes.

Election of 2 account surveyors.

Election of FÍA Seniority working committee.

Other matters.

Due to effective restrictions of gatherings we kindly ask that you register for the meeting via e-mail to adalfundur@fia.is.

The AGM will also be streamed live, a link to the stream will be sent out later.

## BOARD IS SELF-ELECTED

FÍA pilots have shown a great solidarity during these trying times, when so many of us have lost our jobs.

It seems that the pandemic is also affecting the AGM, where we will vote for the seat of vice-president for a 2 year period, and three board members, also for two years. When the candidacy deadline ran out on 28, January, it was clear that all those who presented their candidacy would be self-elected, and therefore there will be no e-voting this year.

This is a show of trust in the work of the current board, as minimum changes will allow them to continue their work without a hitch during these difficult times.

#### Candidates for board membership

Hólmar Logi Sigmundsson LHG

Haraldur Helgi Óskarsson AAI

G. Birnir Ásgeirsson AAI

#### Candidate for Vice-President

Guðmundur Már Þorvarðarson ICE

### FRÉTTABRÉF FÍA

Ritstjórn og umþrótt: Bryndís Nielsen, bryndis@fia.is

Forsíðumynd: Arie Wubben, Unsplash

Útgáfandi: Félag íslenskra atvinnuflugmanna, febrúar 2021

# KYNNING FRAMBJÓÐENDA

## HARALDUR HELGI ÓSKARSSON



Kæru félagar,

Ég býð mig fram til stjórnar FÍA. Ég hóf minn flugmannsferil hjá Íslandsflugi en fór svo yfir til Atlanta skömmu seinna og hef verið þar síðan haustið 99, þó með eins árs leyfi þegar ég flaug hjá Flugfélagi Íslands.

Ég hef mikið komið að stéttarfélagsvinnu eða í rúm 10 ár samtals. Fyrst sem stjórnarmaður og síðar formaður FFF en svo sat ég einnig í stjórn FÍA eftir sameiningu sem ég átti hlut að. Hef setið í samninganefndum (sem og öðrum) fyrir bæði félög margoft.

Ástæða framboðsins er að halda áfram þeirri góðu samvinnu sem náðst hefur við minn vinnumarkað og að halda áfram að bæta það góða samstarf.

Einnig að sjálfsögðu til að standa þétt við bakið á félögum mínum hjá öðrum viðsemjendum FÍA.

Virðingarfyllst,

Haraldur Helgi Óskarsson

Dear colleagues,

I am running for the board of FÍA. I began my career as a pilot with Íslandsflug before going over to Atlanta shortly thereafter, where I've worked since the fall of '99, apart from a years leave when I flew for Flugfélagi Íslands.

I have been very involved in union work, with a total of a decade's experience in total. First as a boardmember and later President of FFF. After the unification, which I took part in, I was a board member of FÍA. I've been involved in negotiation committees (and others) for both unions, on many occasions.

The reason I am running now is to continue the good collaboration we've had with my employer, and also to continue improving that.

Of course I will also stand firmly with my colleagues at FÍA who work for other operators.

Respectfully,

Haraldur Helgi Óskarsson

## HÓLMAR LOGI SIGMUNDSSON



Kæru félagar,

Ég sit sem formaður í samstarfsnefnd og samninganefnd LHG en ég hef verið flugmaður á Dash 8 Q300 eftirlitsvél LHG frá 2011. Flugmenn hjá LHG hafa haft fulltrúa innan veggja FÍA síðustu ár og værum við þakkláttir að fá að halda því áfram fyrir alla félagsmenn FÍA. Ég tel mikilvægt að hafa fulltrúa minni flugmannahópanna í stjórn, bæði tryggir það betra upplýsingaflæði til FÍA og til flugmanna minni hópa.

Ég hef notið þeirrar gæfu að vera meðstjórnarndi Félags íslenskra atvinnuflugmanna undanfarin þrijú ár. Þrjú ár hjá FÍA er nokkuð góður tími og mörg erfið verkefni hafa komið upp á borð stjórnar. Sjaldan hefur ástandið verið jafn krefjandi núna og í þessu ástandi tel ég að við félagsmenn ættum að reyna halda í sem flesta sem eru nú þegar í stjórn FÍA, svo við sem sitjum núna getum komið skútunni á góðan skrið inn í betri tíma og haldið okkar vinnu áfram sem er í gangi.

Ég óska eftir þínunum stuðningi í kosningum sem fara fram á aðal-fundi FÍA á Hilton Reykjavík Nordica þann 18. febrúar næst-komandi. Ég þakka öllum þeim sem sýndu mér traust og studdu mig í síðustu kosningum með von um að kraftar mínr fái að nýtast okkur áfram.

Hljóyar kveðjur,  
Hólmar Logi Sigmundsson  
Flugmaður Landhelgisgæslu Íslands

Dear colleagues,

I am the chair of the company council and the negotiation committee with the Icelandic Coast Guard (LHG) and I've piloted their Dash 8 Q300 surveillance aircraft since 2011. LHG pilots have had a representative within FÍA for the past few years, and we would be thankful to continue that work, not only for us but for all FÍA members, as I feel it is important to have representatives of smaller pilot groups on the board, to better ensure the flow of information between FÍA and pilots in smaller groups.

I have been lucky to be a board member of the Icelandic Airline Pilots' Association for the past three years. Three years with FÍA is a pretty good time, and we've had a number of difficult projects to deal with. Rarely have things been as demanding as now, and under these present conditions I feel we should keep the board as steady as we can, so that we who are now board members can continue to get things back on track, and to continue the ongoing work without losing time.

I ask for your support in the elections at the FÍA AGM at the Hilton Reykjavík Nordica on February 18th. I thank all of you who showed trust in me and voted for me in the last elections, and hope that I can continue to contribute to the work ahead.

Warm regards,  
Hólmar Logi Sigmundsson  
Icelandic Coast Guard pilot



# Jónas Þór Guðmundsson Alþjóðanefnd FÍA

„Það var ekki fyrr en József Váradi, forstjóri Wizz Air, lét hafa eftir sér að Wizz Air væri flugfélag án stéttarfélaga að Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, gaf það út að hún myndi ekki fljúga með flugfélagi sem bannaði starfsfólki sínu að vera í stéttarfélagi.“

Nú síðasta haust kynnti ungverska flugfélagið Wizz Air áform sín um að hefja innanlandsflug í Noregi. Þetta kom flestum að óvörum enda er flugfélagið Wizz Air ofarlega á lista ECA yfir flugfélög sem hvað verst standa sig gagnvart starfsfólkí sínu og nærsamfélagi. Þarna var því komin ógn sem lítið erindi á í skandinavískt velferðarsamfélag.

Norska flugmannafélagið vakti athygli á málinu og í kjölfarið stofnaði það nefnd til þess að reyna að verjast þessari óværu. Tímasetning Wizz Air er sennilegast engin tilvilkun enda hurfu ábendingar norska flugmannafélagsins í troðfull pósthólf norskráráðamanna sem ekki hafa undan vegna álagsins sem fylgir COVID 19.

Það var ekki fyrr en József Váradi, forstjóri Wizz Air, létt hafa eftir sér að Wizz Air væri flugfélag án stéttarfélaga að Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, gaf það út að hún myndi ekki fljúga með flugfélagi sem bannaði starfsfólki sínu að vera í stéttarfélagi. Eftir þessi ummæli Ernu hefur almenn umræða og fjlömiðlaumfjöllun um málið aukist til muna. Flugmálayfirvöld í Noregi hafa gefið út þau tilmæli að ef Wizz Air ætti sér að starfa í Noregi þurfi það að fylgja norski vinnulöggið.


Vegna heimsfaraldursins þá styrkir norska ríkið fjöldi flugleiða innan landsins og þá einkum til jaðar-

byggða. Nýverið fór fram útboð á slíkum flugleiðum og gerði norska ríkið þá kröfу að einungis yrði samið við flugfélög sem heimiluðu starfsfólk að vera í stéttarfelagi. Hægt er að fullyrða að tilkoma þessa ákvæðis er að þakka baráttu norska flugmannafélagsins.

Wizz Air tilkynnti svo nú í byrjun febrúar að fyrirtækið muni draga saman seglin í Noregi og loka starfsstöð sinni í Þrándheimi.

Almenningur í Noregi hefur að einhverju leiti áttáð sig á skaðsemi Wizz Air en betur má ef duga skal. Því miður hafa flugfélög eins og Wizz Air notfært sér COVID 19 til vaxtar og nauðsynlegt er að opna augu almennings og ráðamanna í allri Evrópu fyrir þeim slæmu áhrifum sem tilvera slikra flugfélaga hefur á samfélagið í heild.

Það er löngu orðið ljóst að félagsleg undirboð og gerviverktaka eru ekki lengur fjarlæg hugtök heldur raunveruleg ógn á íslenskum vinnumarkaði. Stjórn og nefndir FÍA hafa verið duglegar að nýta þær stuttu boðleiðir sem eru hér á landi eru til að vekja athygli stjórnvalda á málefnum. Það er nauðsynlegt að stíga fast til jarðar og bregðast hratt við óður en það er of seitn.



Koma Wizz Air hefur vakið hörd viðbrögð í Noregi, m.a. hafa yfir 300 norsk verkalýðsfélög skrifrað undir áskorun um að koma flugfélaginu baðan á brott.

# FRÉTTAMOLAR

• • • • • • •



RFSS 2020 - upphaf faraldurs: Harry Nelson sprittaði hendurnar óður en hann hélt erindi sitt, sem var sérkennileg nýlunda á þessum tímapunkti!

• • • • • • •

## Reykjavík Flight Safety Symposium frestað til september

Vegna aðstæðana í samfélagini hefur verið ákveðið að fresta hinni árlegu ráðstefnu öryggisnefndar FÍA um nokkrá mánuði, og verður hún því haldin 24. september í ár. Það stefnir í flotta ráðstefnu að vanda og fyrirlesararnir lofa góðu, við segjum nánar af því síðar!

## Reykjavík Flight Safety Symposium postponed till September

Due to the current condition within our society, it has been decided to postpone the Safety Committee's annual conference for a few months. The new date is September 24, 2021. The lineup is looking very exciting, we will tell you more of this later!



Gunnar Björn er nýr meðlimur stjórnar FÍA og mun sitja fram að aðalfundi 2022.

## Breytingar á stjórni FÍA

Ragnar Friðrik Ragnars, flugmaður AIC, hefur látið af störfum í stjórni FÍA en hann er að taka við stöðu innan þjálfunardeilda Air Iceland Connect. Vegna afsagnarinnar er vísað til 9. greinar laga FÍA um trúnaðarstörf.

Trúnaðarráð hefur skipað eftirmann Ragnars, sbr. 28. grein laga FÍA, en sá heitir Gunnar Björn Bjarnason, AIC. Gunnar Björn var kosinn með öllum greiddum atkvæðum trúnaðarráðs og stjórnar og mun sitja út kjörtímabil Ragnars eða fram að aðalfundi 2022.

FÍA þakkar Ragnarri Friðriki fyrir hans góðu störf og býður Gunnar Björn velkominn í stjórnina.

## Changes to the FÍA board

Ragnar Friðrik Ragnars, AIC, has resigned from his seat on the FÍA board, as he will be taking a position within the training department of Air Iceland Connect, and therefore cannot retain his position on the board, according to article 9 of the FÍA bylaws.

The Shop Steward Council has appointed Gunnar Björn Bjarnason to replace Ragnar, according to article 28 of the FÍA bylaws. Gunnar Björn received a unanimous vote within the Shop Steward Council and the board of FÍA and will sit on the board throughout Ragnar's previous appointment, or up until the AGM in 2022.

FÍA thanks Ragnar Friðrik for his good work and welcomes Gunnar Björn to the board.



Talaðu við fjölskylduna, vini eða vinnufélaga ef þú átt erfitt. Þau vilja hjálpa þér. Þú getur líka hringt í hjálparlínu. Við erum aldrei ein!



# BLUEBIRD NORDIC, SA and the attack on wage earners

Jón Þór Þorvaldsson  
FÍA president writes:

Bluebird Nordic (BBN) was sold to Avia Solutions Group early last year. The Group is known throughout Europe for social dumping, avoiding collective labour agreements (CLAs) and unions, according to ECA. BBN has now laid off all FÍA pilots working according to CLAs, in the midst of CLA renegotiating talks, declaring that from now on all its pilots will be "independent contractors", i.e. bogus contractors.

We have quite a few problems with this:

- The resignation is in clear violation of the Act on Trade Unions and Industrial Disputes (Nr. 80/1938, article 4). Which states that you cannot fire members of unions during collective labour agreement negotiations.
- The resignation is breaking the terms of the company's CLA with FÍA, which is still valid and clearly states that you cannot hire contractors to replace union pilots.
- The resignations violates the pilots' constitutional rights of freedom of association.

Bluebird Nordic's management, in full cooperation with the Confederation of Icelandic Enterprise (SA), doesn't balk at breaking the law for a competitive advantage. The company is competing based on social dumping and illegal operations, but not based on its merits: Service, dependability, quality or effectiveness.

## Bluebird Nordic violates legal strike

In light of the situation, FÍA was forced to resort to union actions, for the first time in Bluebird's 20 year history. Bluebird reacted by removing FÍA pilots from rostered flights from the beginning of the strike, hiring bogus contractors to do their work. This is a clear strike violation and a violation on the aforementioned Act nr. 80/1938 on Trade Unions and Industrial Disputes.

FÍA pilots have been standing strike guard to follow through with the strike, while Bluebird seeks every measure, legal and illegal, to avoid the actions:

- The company's bogus contractors are, for example, ordered to take their crew rest in the facilities of the airline's service providers on Keflavík airport, but not in a proper hotel/guesthouse accommodations as laws dictate.
- BBN requested an injunction on FÍA pilots' strike guard at the Capital area's District Commissioner. FÍA's lawyers won and the request for injunction was denied. We expect that BBN will take the case to court, and we will be prepared for this.

## SA creates an alarming precedent

Bluebirds operation are a textbook example in social dumping. The company fires all members of a union, in the middle of CLA negotiations, and declares that from now on it will only hire bogus contractors for the work.

The Confederation of Icelandic Enterprise (AS) is BBN's representative in the CLA negotiations, and therefore we can safely state that the social dumping is in full accordance with SA, and unabashedly presented to the State Conciliation Mediation office. To make matters even worse, SA is a UN Global Compact representative, on social responsibility in regard to human rights, the labour market, the environment, and fight against corruption.

This is a bold attack on all unions and workers who get paid according to CLAs, as it sets an alarming precedent. If the Icelandic authorities, regulators and members of the labour market do not take a strong stance against actions like these, we can expect that all wage-earners in Iceland could be subjected to the same treatment.

We can also put a question mark to the fact that SA's representative who is charged with negotiating on behalf of Bluebird, also sits on the board of the Directorate of Labour. This person presents a CLA offer of social dumping to the desk of the State Negotiator. FÍA feels this is a clear case of conflict of interest.

We are interested in seeing the wider effects of Bluebird's actions, whether the Directorate of Tax Investigations, the Icelandic Transport Authority or other regulatory bodies will begin investigating Bluebird's operations. The Directorate of Labour is already working on acquiring data on Bluebird, as their crew rental agencies is not registered in Iceland as is required by law.



FÍA pilots have stood strike guard in Keflavík Airport

# Bogus contractors not treated fairly

## Violations against contractors

Contractors are protected by laws and regulations, for example they cannot receive lower wages than a wage-earner in a similar position, with similar education and experience.

The wages and benefits for those working as (bogus) contractors for BBN are far below what has been agreed on in Collective Labour Agreements in Iceland, or in fact many other countries. It is clear that the BBN contractors are being cheated, which is a matter that should be looked into on its own.

The bogus contractors flying for Bluebird are working through the crew rental agency Confair Consultancy BV. The rental is not, and has never been, registered with the Directorate of Labour in Iceland as is required by law (in particular legislations nr. 139/2005 and nr. 45/2007)

Although the work of a pilot is in no way compatible to contracting, it is clear that many of us have had to resort to accept such employment. We welcome all contract pilots to us here at FÍA, we are more than ready to fight for your rights.

## Independent pilots/bogus contractors?

We should stress that pilots who work for airlines cannot be contractors as the job does not meet most of the legal requirements for contract work:

- They do not control their work hours.
- They do not bring their own equipment to work, but fly the airline's aircraft.
- They are under the command of the flight operator tells and follow the flight operation instructions of the operator in question.
- They use the facilities and manuals of the flight operator, and receive training according to the airline's operation manual.
- They cannot hire others to replace or assist them for certain jobs.
- They receive regular payment from the employers.

Pilots flying as bogus contractors are victims of a system of work that Europe is now determined to abolish, as can be seen by a recent declaration of 8 EU Transport Ministers sent to the EU Commission, asking that these matters be dealt with firmly.

## Status of negotiations

FÍA's and Bluebird Nordic's CLA negotiations are now being mediated by the State Conciliation Mediation office.

Bluebird Nordic's offer for the FÍA pilots entails a 53% cut in wages as well as a reduction or elimination of previously negotiated or earned social rights such as vacation rights, days off, pension fund etc.

Now, more than ever, it is imperative that we pilots stand firmly with our colleagues at Bluebird.



Cargo Flight has grown over the past year in the wake of COVID-19. It is therefore especially grievous to see cargo airlines take advantage of the sympathies incurred by the plight of passenger flight operators to reduce the wages and benefits of its pilots and other employees, whether they work as contractors or not.



• • • • • • • • • •

**"** It wasn't until József Váradi, CEO of Wizzair, was quoted as saying that Wizz Air is an airline without unions, that Erna Solberg, Norway's Prime Minister, said that she would not fly with an airline that denied its employees to join a union.



Reactions to Wizz Air's arrival has caused strong reactions in Norway, where over 300 workers unions have signed a petition to get Wizz Air out of Norway.

# Wizz Air lands in Norway

Jónas Þór Guðmundsson  
International Committee

Last fall, the Hungarian airline Wizz Air announced its plan to commence domestic flight within Norway. This came as a surprise to most, as Wizz Air is a common name on ECA's Hall of Shame, a list of airlines with the worst track records when it comes to employees and the community. It is therefore a threat that has no business within the Scandinavian wellfair society.

The Cockpit Association of Norway called attention to this and a committee was established to defend against this problem. The timing of Wizz Air was most likely not coincidental, as the warnings and comments of the Cockpit Association of Norway were drowned in the flooded inboxes of the Norwegian authorities, who were under great pressure due to COVID-19.

It wasn't until József Váradi, CEO of Wizz Air, was quoted as saying that Wizzair is an airline without unions, that Erna Solberg, Norway's Prime Minister, said that she would not fly with an airline that denied its employees to join a union. After Erna's comment, general awareness and media attention has increased significantly. The Norwegian Aviation Authority has issued a recommendation that if Wizz Air intends to operate in Norway, it will have to abide by Norwegian labor laws.

Due to the pandemic, the Norwegian state is supporting a number of domestic flight routes, especially to isolated areas. Recently, a PSO tender was held for these flight routes, and the Norwegian state was clear on that it would only negotiate with airlines that allowed its employees to be in a union. This amendment is entirely due to the work done by the Norwegian Cockpit Association. In recent news, Wizz Air has announced that it will close down its operations in Trondheim.

The Norwegian public has on some levels realised the damage that Wizz Air can do, but it needs to be emphasised even more. Unfortunately, airlines such as Wizz Air have taken advantage of COVID-19 to grow, and it is necessary that we open the eyes of the public and the authorities across Europe to the detrimental effect that the existence of such airlines has on the community as a whole

It has long been clear that social dumping and bogus employment are no longer distant concepts but a real threat to the Icelandic job market. The board and committees of FÍA have worked tirelessly, making full use of the easy access we have, to alert the authorities of this problem. It is necessary to react both quickly and firmly before it is too late.



# PILOT STRIKE BLUEBIRD NORDIC

## REQUEST FOR THE SUPPORT OF LGG BASED PILOTS

In December 2020, Bluebird Nordic fired all pilots who were working according to a CLA with the Icelandic Airline Pilots' Association (FIA). The resignations were illegal, taking place in the midst of negotiations for renewing the Collective Labour Agreement.

We, the pilots in question, voted on a strike and the result was unanimous. A strike began at 00:01 on 1 February 2021, and will be ongoing until we reach an agreement and a new CLA has been signed and the layoffs withdrawn.

Today, the only pilots working for Bluebird Nordic are self-employed through Confair consultancy BV, a Netherlands based recruitment agency which is not registered with the Icelandic Directorate of Labour, as is required by Icelandic law.

Unfortunately, the pilots working for Bluebird Nordic through Confair consultancy BV have been flying despite the ongoing strike and are considered to be strike-breakers. We, the FIA pilots along with our colleagues within the Union, have stood strike guard at Keflavik airport in Iceland, restricting the strikebreakers' access to enter crew security, and therefore access to the aircraft.

**In light of all this, we ask for your support in our on-going battle for a renewal of our CLA and to claim our jobs back.**

**We also want to end, once and for all, the threat associated with atypical employment within the aviation sector.**



Photo: Insung Yoon / Unsplash